



Aðalfundur Austurlandsdeildar SLFÍ 2017- 2018

Ný stjórn tók við 1. nóvember 2017. Sú nýbreytni er í stjórn Austurlands að hún er skipið sjúkraliðum sem vinna bæði hjá ríki og sveitarfélagi og er staðsett í Fjarðabyggð. Stjórnin hélt sinn fyrsta fund í lok þorra og skipti með sér verkum.

Helga Sveinsdóttir, formaður

Soffía Sigríður Sigurbjörnsdóttir, varaformaður

Brynhildur Sigurðardóttir, ritari

Ásta Guðný Einþórsdóttir, gjaldkeri

Hafdís Rut Pálsdóttir, meðstjórnandi

Alls hafa verið haldnir þrjú fundir hjá stjórninni á árinu, til skrafs og ráðagerða.

Vorfundur var haldin 7. maí á Kaffi Sumarlínu á Fáskrúðsfirði. Á hann komu feðgin sem voru með erindi sem þau kölluðu „Fíkn og fjölskyldur“ og er reynslusaga fíkil og foreldris, sem var mjög áhugavert. Vöknuðu margar spurningar og margt var spjallað. En mikið úrræðaleyfi er fyrir þennan hóp í íslensku samfélagi.

26. maí voru sex sjúkraliðar útskrifaðir frá Verkmenntaskóla Austurlands og þeim voru færð blóm frá Austurlandsdeild sjúkraliða og viðurkenningarskjál frá SLFÍ. Þjóðum við þær velkomnar í hópinn okkar.

Formaður hefur farið á þrjú félagsstjórnarfundir á árinu (febrúar, maí og september). Á félagsstjórnarfundir í maí tók nýr formaður við hún Sandra B. Frank og Kristín hætti eftir 30 ár. Sendum við henni bestu þakkir fyrir vel unnin störf fyrir okkur sjúkraliða. Nýjan formann þjóðum við velkominn.

EPN – ráðstefnan var í Færeyjum 6. -8. júní. Yfirskrift hennar var „*Vinnuumhverfið og símenntun*“. Þar var fjallað um starfsumhverfi, menntun og símenntun, vinnutíma og stoðkerfisvanda hjá sjúkraliðum og leiðir til að bæta það. Allt var þetta mjög áhugavert. Íslendingar voru með kynningu á fjarlækningum.

27. september sat formaður ásamt sex trúnaðarmönnum á Austurlandi trúnaðarmannafund SLFÍ. Ragnheiður G. Guðnadóttir var með mjög áhugaverðan fyrirlestur um, Kulnun í starfi. Hafin er vinna að fá hann austur á land til okkar.

Austurbrú hefur verið með námskeið fyrir sjúkraliða bæði vor, NAMSTE, og núna í haust, sár og sáraskipti. Síðan er Framvegis með námskeið í fjarfundi fyrir okkur.

BSRB þing var haldið 17.-19. október yfirskrift þingsins var „*Bætt lífskjör betra samfélag.*“ Kallað var eftir samfélagslegri ábyrgð stjórnenda. Unnið var í ýmsum nefndum, þar sem stefna var mörkuð til næstu ára.

Aðalfundur deildarinnar var svo haldinn á Hótel Hildibrand í Neskaupstað 1. nóvember 2018.

Þar voru tekin fyrir venjuleg aðalfundarstörf, ásamt því að ræða fræðslumál og aðra skemmtilega hluti fyrir deildina. Og komu fram marga góðar hugmyndir.

Eftir fundinn komu fundargestir við á hinum árlega hösúmarkaði starfsmanna FSN, en þar er selt handverk starfsmanna og rennur ágóði til tækjakaupa á sjúkrahúsinu.

Að lokum vil ég þakka öllum sjúkraliðum sem hafa lagt fram vinnu í þágu deildarinnar.

Trúnaðarmenn eru eyru og augu stéttarfélagins.

Neskaupstað 1. nóvember 2018.

Bestu þakkir,

Helga Sveinsdóttir